

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2011****2011/EES/37/03****frá 1. apríl 2011****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun ráðsins 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun ráðsins 2004/217/EB ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 242/2010 frá 19. mars 2010 um gerð skrár yfir fódurefni ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2010 frá 26. maí 2010 um aðlögunarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 er varða ákvæði um merkingar fódurs ⁽⁴⁾.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 767/2009 falla úr gildi tilskipun ráðsins 79/373/EBE ⁽⁵⁾, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE ⁽⁶⁾, tilskipanir ráðsins 82/471/EBE ⁽⁷⁾, 83/228/EBE ⁽⁸⁾, 93/74/EBE ⁽⁹⁾, 93/113/EB ⁽¹⁰⁾ og 96/25/EB ⁽¹¹⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ⁽¹²⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003):
„– **32009 R 0767**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 (Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).“
2. Brott falli texti 3. liðar (tilskipun ráðsins 93/113/EB), 5. liðar (tilskipun ráðsins 79/373/EBE), 8. liðar (tilskipun ráðsins 93/74/EBE), 11. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE), liðar 14a (tilskipun ráðsins 96/25/EB), liðar 14b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB), 15. liðar (tilskipun ráðsins 82/471/EBE) og 16. liðar (tilskipun ráðsins 83/228/EBE).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 73, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3. 2011, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 17.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 128, 27.5.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 86, 6.4.1979, bls. 30.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 126, 21.5.1980, bls. 14.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 126, 13.5.1983, bls. 23.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 237, 22.9.1993, bls. 23.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 334, 31.12.1993, bls. 17.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 35.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 31.

3. Eftirfarandi bætist við á eftir 47. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009):

„Setning fódurs á markað og notkun þess

48. **32009 R 0767:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fódurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun ráðsins 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun ráðsins 2004/217/EB (Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1).
49. **32010 R 0242:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 242/2010 frá 19. mars 2010 um gerð skrár yfir fódurefni (Stjtið. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 17).
50. **32010 R 0454:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2010 frá 26. maí 2010 um aðlögunarráðstafanir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 er varða ákvæði um merkingar fódurs (Stjtið. ESB L 128, 27.5.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 767/2009 og reglugerða (ESB) nr. 242/2010 og 454/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.